

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001 frá 6. nóvember 2001 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2004, frá 3. desember um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði.

2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði, merkt fylgiskjal I, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn, nr. 167/2004, frá 3. desember 2004, merkt fylgiskjal II.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. september 2006.

Jón Sigurðsson.

Kristján Skarphéðinsson.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2422/2001**

frá 6. nóvember 2001

um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði

- EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
- með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,
- með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,
- með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,
- að höfðu samráði við svæðanefndina,
- í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,
- 3) Mikilvægt er að stuðla að ráðstöfunum sem miða að eðlilegri starfsemi innri markaðarins.
- 4) Æskilegt er að samhæfa innlend framtaksverkefni um orkumerkingar til að halda skaðlegum áhrifum á iðnað og viðskipti í lágmarki.
- 5) Rétt er að viðtæk vernd verði lögð til grundvallar í tillögum um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnáhrifum í aðildarríkjum sem fjalla um heilbrigði, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd. Með þessari reglugerð er stuðlað að öflugri vernd, bæði fyrir umhverfið og neytendur, þar eð stefnt er að því að auka orkunýtni þessarar tegundar búnaðar verulega.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Verulegan hluta heildaraforkunotkunar má rekja til skrifstofubúnaðar. Árangursríkasta ráðstöfunin til að draga úr rafmagnsnotkun skrifstofubúnaðar er að draga úr orkunotkun í reiðuhum í samræmi við niðurstöður ráðsins frá maí 1999 um orkutap rafeindabúnaðar fyrir neytendur þegar hann er í reiðuhum. Hinar ýmsu tegundir, sem eru fánlegar á markaði Bandalagsins, nota mismikla orku í reiðuhum.
- 2) Hins vegar eru fyrir hendi aðrar ráðstafanir til að draga úr raforkunotkun slíks búnaðar, s.s. að slökkva á honum þegar hann er ekki þörf án þess að skerða virkni hans. Framkvæmdastjórninni ber að komast að raun um hvaða ráðstafanir eru viðeigandi til að nýta einnig þennan möguleika til orkusparnaðar.
- 6) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðunum með fyrirhuguðum aðgerðum og sökum þess að líklegra er að þau náist á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra með þessari reglugerð en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.
- 7) Enn fremur er í 174. gr. sáttmálans fjallað um umhverfisvernd og -úrbætur og að auðlindir náttúrunnar skuli nýttar af varúð og skynsemi, en þessi tvö markmið eru meðal stefnumiða Bandalagsins í umhverfismálum. Um 30% af losun koltvísýrings (CO₂) af mannavöldum í Bandalaginu má rekja til raforkuframléiðslu og -notkunar og er sú notkun um 35% af frumorkunotkuninni. Þetta hlutfall eykst sífellt og orkutap rafbúnaðar í reiðuhum nemur u.þ.b. 10% af notkun hans.

⁽¹⁾ Stjótið. EB C 150 E, 30.5.2000, bls. 73 og Stjótið. EB C 180 E, 26.6.2001, bls. 262.

⁽²⁾ Stjótið. EB C 204, 18.7.2000, bls. 18.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 1. febrúar 2001 (Stjótið. EB C 267, 21.9.2001, bls. 49), sameiginleg afstaða ráðsins frá 31. maí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. október 2001.

- 8) Enn fremur er markmið ákvörðunar ráðsins 89/364 /EBE frá 5. júní 1989 um aðgerðaáætlun Bandalagsins til að auka raforkunýtni ⁽¹⁾ tvíþætt, annars vegar eru neytendur hvattir til að velja tæki og búnað með mikla raforkunýtni og hins vegar að auka nýtni tækja og búnaðar. Þörf er á frekari ráðstöfunum til að veita neytendum betri upplýsingar.
- 9) Í bókuninni við rammasmáning Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar, sem samþykkt var í Kýmótó 10. desember 1997, er gerð krafa um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu um 8% í síðasta lagi á tímabilinu frá 2008 til 2012. Til þess að þetta markmið náist er þörf á öflugri ráðstöfunum til að draga úr losun koltvísýrings í Bandalaginu.
- 10) Enn fremur var í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2179/98/EB frá 24. september 1998 um endurskoðun á stefnu- og framkvæmdaáætlun Bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun, „Fram til sjálfbæris“ ⁽²⁾, tilgreint að helsta forgangsverkefni til að samþætta umhverfiskröfur með tilliti til orku væri orkunýtnimerking tækja.
- 11) Í ályktun ráðsins frá 7. desember 1998 um orkunýtni í Evrópubandalaginu ⁽³⁾ var krafist aukinnar notkunar merkinga á tæki og búnað.
- 12) Æskilegt er að samhæfa kröfur, merkingar og prófunaraðferðir, að því er varðar orkunýtni, eftir því sem við á.
- 13) Orkunýttinn skrifstofubúnaður er yfirleitt ekki dýrari eða lítið dýrari og kann því rafmagnssparnaður að bæta upp viðbótarkostnaðinn á tiltölulega skömmum tíma. Því er hægt að ná markmiðum um orkusparnað og draga úr losun koltvísýrings á kostnaðarhagkvæman hátt á þessu sviði án óhagræðis fyrir neytendur og iðnað.
- 14) Verslað er með skrifstofubúnað um allan heim. Samningurinn milli ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og Evrópubandalagsins um samhæfingu áætlana um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði mun greiða fyrir alþjóðaviðskiptum og umhverfisvernd að því er þennan búnað varðar. Markmiðið með þessari reglugerð er að hrinda framangreindum samningi í framkvæmd í Bandalaginu.
- 15) Til að hafa áhrif á kröfurnar sem fylgja orkustjórnumerkinu sem notað er um allan heim skal Bandalagið taka þátt í þessu merkingakerfi og í því að semja nauðsynlegar tækniforskriftir. Hins vegar skal framkvæmdastjórnin annast reglulega endurskoðun til að ganga úr skugga um að tæknilegu viðmiðanir, sem settar eru, séu nægilega metnaðarfullar og að með þeim sé tekið nægilegt tillit til hagsmuna Bandalagsins.
- 16) Skilvirkt fyrirkomulag með tilliti til fullnustu er nauðsynlegt til að tryggja að áætlun um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði komi til framkvæmda með réttum hætti, skapa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðendur og vernda rétt neytenda.
- 17) Þessi reglugerð gildir aðeins um skrifstofubúnað.
- 18) Tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum, er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ⁽⁴⁾, er ekki sá gerningur sem á best við um skrifstofubúnað. Kostnaðarhagkvæmasta ráðstöfunin til að bæta orkunýtni skrifstofubúnaðar er valfrjáls áætlun um merkingar.
- 19) Nauðsynlegt er að fela viðeigandi stofnun, orkustjórnumunefnd Evrópubandalagsins (ECESB), það verkefni að setja og endurskoða tæknilegar viðmiðanir í því skyni að framkvæmd áætlunarinnar verði skilvirk og hlutlaus. Orkustjórnumunefnd Evrópubandalagsins skal skipuð innlendum fulltrúum.
- 20) Nauðsynlegt er að tryggja innra samræmi í áætluninni um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði og að hún sé í samræmi við forgangsatríði umhverfisstefnu Bandalagsins og við önnur merkingar- eða gæðavottunarkerfi Bandalagsins eins og t.d. þau sem komið var á fót með tilskipun 92/75/EBE og með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽⁵⁾.
- 21) Æskilegt er að samræma orkustjórnuáætlun Bandalagsins og önnur valfrjáls orkumerkingarkerfi fyrir skrifstofubúnað í Bandalaginu í því skyni að koma í veg fyrir rugling gagnvart neytendum og hugsanlega markaðsröskun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 157, 9.6.1989, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 394, 17.12.1998, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

- 22) Nauðsynlegt er að ábyrgjast gagnsæi við framkvæmd áætlunarinnar og tryggja að það sé í samræmi við viðeigandi, alþjóðlega staðla í því skyni að auðvelda framleiðendum og útflytjendum í löndum utan Bandalagsins aðgang að og þátttöku í áætluninni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Í þessari reglugerð eru settar reglur um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar skrifstofubúnaðar (hér á eftir kölluð „orkustjórnuáætlunin“) eins og skilgreint er í samningnum milli ríkisstjórnar Bandaríkjanna Norður-Ameríku og Evrópubandalagsins um samhæfingu áætlana um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (hér á eftir nefndur „samningurinn“). Þátttaka í orkustjórnuáætluninni er valfrjál.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um þá vörflokka skrifstofubúnaðar, sem skilgreindir eru í viðauka C við samninginn, með fyrirvara um hvers kyns breytingar á honum í samræmi við X. gr. samningsins.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „sameiginlegt kennimerki“: merkið sem um getur í viðaukanum,
- b) „þátttakendur í áætluninni“: framleiðendur, samsetningaraðilar, útflytjendur, innflytjendur, smásalar og aðrir aðilar sem skuldbinda sig til að kynna merktan, orkunýttinn skrifstofubúnað, sem uppfyllir forskriftir orkustjórnuáætlunarinnar, og hafa kosið að taka þátt í orkustjórnuáætluninni með því að skrá sig hjá framkvæmdastjórninni,
- c) „forskriftir“: kröfur um orkunýtni og afköst, þ.m.t. prófunaraðferðir sem notaðar eru til að ákvarða hvort orkunýttinn skrifstofubúnaður sé hæfur til að hljóta sameiginlega kennimerkið.

4. gr.

Almennar meginreglur

1. Orkustjórnuáætlunin skal samræmd, eftir því sem við á, öðru fyrirkomulagi í Bandalaginu við merkingar eða gæða-

vottun sem og öðrum kerfum, einkum kerfi Bandalagsins við veitingu umhverfismerkis, sem komið var á með reglugerð (EBE) nr. 880/92, og merkingum og stöðluðum vörulýsingum á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum sem komið var á með tilskipun 92/75/EBE.

2. Þátttakendum í áætluninni og öðrum aðilum er heimilt að nota sameiginlega kennimerkið á skrifstofubúnað sinn og kynningarefni í tengslum við hann.

3. Skrifstofubúnaður, sem Umhverfisstofnun Bandaríkjanna (USEPA) hefur veitt leyfi fyrir að verði merktur sameiginlega kennimerkinu, telst uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar nema visbendingar um hið gagnstæða liggja fyrir.

4. Framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um reglur Bandalagsins um samræmismat og samræmismarkeringar og/eða alþjóðasamninga sem Bandalagið hefur gert við þriðju lönd að því er varðar aðgang að markaði Bandalagsins, að prófa vörur sem falla undir þessa reglugerð og eru settar á markað í Bandalaginu til að sannprófa að þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

5. gr.

Skráning þátttakenda í áætluninni

1. Heimilt er að senda framkvæmdastjórninni umsóknir um þátttöku í áætluninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að heimila umsækjanda þátttöku í áætluninni eftir að hún hefur sannprófað að umsækjandinn hafi samþykkt að fara eftir leiðbeiningum fyrir notendur kennimerkisins sem er að finna í viðauka B við samninginn. Framkvæmdastjórnin skal birta uppfærða skrá yfir þátttakendur í áætluninni og senda aðildarríkjunum hana reglulega.

6. gr.

Kynning og upplýsingar

1. Í samvinnu við aðildarríkin og aðilana að orkustjórnu-nefnd Evrópubandalagsins skal framkvæmdastjórnin leggja allt kapp á að hvetja til notkunar sameiginlega kennimerkisins með viðeigandi aðgerðum til vitundarvakningar og upplýsingaferferðum fyrir neytendur, birgja, seljendur og almenning.

2. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að tryggja að neytendur og aðrir hagsmunaaðilar séu meðvitaðir um og hafi aðgang að nákvæmum upplýsingum um orkustjórnuáætlunina og nota til þess öll tæki sem Bandalagið hefur vól á.

3. Í því skyni að hvetja til þess að keyptur sé skrifstofubúnaður, sem ber sameiginlega kennimerkið, skulu framkvæmdastjórnin og aðrar stofnanir Bandalagsins, sem og önnur opinber, innlend yfirvöld, með fyrirvara um lög Bandalagsins og innlend lög og efnahagslegar viðmiðanir, hvetja til þess að framfylgt sé kröfum um orkunýtni sem eru ekki síður krefjandi en forskriftir orkustjórnumunnar, þegar kröfur sem gerðar eru til skrifstofubúnaðar, eru skilgreindar.

7. gr.

Önnur valfrjáls orkumerkingarkerfi

1. Núverandi og ný valfrjáls orkumerkingarkerfi fyrir skrifstofubúnað í aðildarríkjunum geta verið til staðar samhliða orkustjórnuáætluninni.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu taka ákvörðun í því skyni að tryggja nauðsynlega samræmingu milli orkustjórnuáætlunarinnar og innlendra kerfa og annarra merkingarkerfa í Bandalaginu eða í aðildarríkjunum.

8. gr.

Orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins og skal hún skipuð innlendum fulltrúum, sem um getur í 9. gr., sem og viðeigandi hagsmunaaðilum. Orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins skal endurskoða framkvæmd orkustjórnuáætlunarinnar innan Bandalagsins og vera framkvæmdastjórnninni til ráðgjafar og aðstoðar, eftir því sem við á, til að gera henni kleift að rækja hlutverk sitt sem stjórnumerking.

2. Einu ári eftir gildistöku þessarar reglugerðar og á hverju ári eftir það skal orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins taka saman skýrslu um útbreiðslu vara sem bera sameiginlega kennimerkið á markaðnum og um þá tækni sem er fyrir hendi til að draga úr orkunotkun.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, eftir því sem við verður komið, að orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins fylgist með því í störfum sínum, að því er alla vöruflokka skrifstofubúnaðar varðar, að jafnvægi sé í þáttöku allra hagsmunaaðila sem viðkomandi vöruflokkur varðar, s.s. framleiðenda, smásala, innflytjenda, umhverfisverndarsamtaka og neytendasamtaka.

4. Framkvæmdastjórnin skal setja orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins starfsreglur að teknu tilliti til sjónarmiða fulltrúa aðildarríkjanna í orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um störf orkustjórnumefndar Evrópubandalagsins.

9. gr.

Innlendir fulltrúar

Hvert aðildarríki skal tilnefna, eftir því sem við á, innlendan sérfræðing í stefnu í orkumálum, yfirvöld eða einstaklinga (hér á eftir nefndir „innlendir fulltrúar“) sem eru ábyrgir fyrir því að inna af hendi þau verkefni sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Ef fleiri en einn innlendir fulltrúi er tilnefndur skal aðildarríkið ákvarða völd hvers fulltrúa fyrir sig og samræmingu á kröfunum sem eiga við um þá.

10. gr.

Vinnuáætlun

Í samræmi við markmiðin, sem sett eru í 1. gr., skal framkvæmdastjórnin gera vinnuáætlun innan sex mánaða frá því að þessi reglugerð tekur gildi og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið að höfðu samráði við orkustjórnumefnd Evrópubandalagsins. Vinnuáætlunin skal fela í sér skipulag um þróun á orkustjórnuáætluninni og samkvæmt því ætti fyrir næstu þrjú ár að:

- setja markmið varðandi umbætur í orkunýtni, með í huga nauðsyn þess að halda uppi ströngum kröfum varðandi neytenda- og umhverfisvernd og þá útbreiðslu á markaðnum sem ætti að leitast við að ná innan Bandalagsins með orkustjórnuáætluninni,
- útbúa skrá, sem ekki er tæmandi, yfir skrifstofubúnað sem ætti að hafa forgang að því er varðar skráningu í orkustjórnuáætlunina,
- gera tillögur að fræðslu- og kynningarátaki og öðrum nauðsynlegum aðgerðum,
- gera tillögur um samræmingu og samvinnu milli orkustjórnuáætlunarinnar og annarra valfrjálsra orkumerkingarkerfa í aðildarríkjunum.

Vinnuáætlunina skal endurskoða reglulega. Hún skal endurskoðuð í síðasta lagi 12 mánuðum eftir að hún er lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið og á 12 mánaða fresti eftir það.

11. gr.

Málsmeðferð vegna undirbúnings á endurskoðun á tæknilegum viðmiðunum

Með það í huga að undirbúa endurskoðun á forskriftunum og vöruflokkum skrifstofubúnaðar, sem fjallað er um í viðauka C við samninginn, og áður en drög að tillögum eru lögð fram eða svar sent til Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í

samningnum og í tilskipun ráðsins 2001/469/EB frá 14. maí 2001 um gerð samnings fyrir hönd Evrópubandalagsins milli ríkisstjórnar Bandaríkjá Norður-Ameríku og Evrópubandalagsins um samhæfingu áætlana um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði ⁽¹⁾, er nauðsynlegt að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Framkvæmdastjórnin getur farið þess á leit við orkustjórnunefnd Evrópubandalagsins að hún leggi fram tillögur að endurskoðun samningsins. Orkustjórnunefnd Evrópubandalagsins getur einnig lagt tillögur fyrir framkvæmdastjórnina að eigin frumkvæði.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við orkustjórnunefnd Evrópubandalagsins í hvert sinn sem henni berst tillaga frá Umhverfisstofnun Bandaríkjá Norður-Ameríku um endurskoðun samningsins.
3. Í álitinu sínu til framkvæmdastjórnarinnar skal orkustjórnunefnd Evrópubandalagsins taka tillit til niðurstaðna hagkvæmnis- og markaðsrannsóknna og þeirrar tækni sem er fyrir hendi til að draga úr orkunotkun. Framkvæmdastjórnin skal taka sérstaklega tillit til markmiðsins um að setja strangar tækniforskriftir, með tilhlýðilegu tilliti til þeirrar tækni, sem er fyrir hendi, og tengds kostnaðar, til að draga úr orkunotkun sem greind er í skýrslu orkustjórnunefndar Evrópubandalagsins sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

12. gr.

Markaðseftirlit og varnir gegn misnotkun

1. Sameiginlega kennimerkið skal einungis notað í tengslum við vörur, sem falla undir samninginn, og í samræmi við leiðbeiningar fyrir notendur kennimerkisins sem er að finna í viðauka B við samninginn.
2. Rangar eða villandi auglýsingar eða notkun hvers kyns merkis eða kennimerkis sem leiðir til þess að því er ruglað saman við sameiginlega kennimerkið, eins og það er tekið upp með þessari reglugerð, er bönnuð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. REYNERS

forseti.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja rétta notkun sameiginlega kennimerkisins með því að grípa til eða samræma aðgerðir sem lýst er í 2., 3. og 4. mgr. í VIII. gr. samningsins. Aðildarríkin skulu grípa til aðgerða eftir því sem við á til að tryggja samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði sínu og tilkynna framkvæmdastjórninni um þær. Aðildarríkjunum er heimilt að vísa sönnunargögnum um að þátttakendur í áætluninni og aðrir aðilar fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar til framkvæmdastjórnarinnar svo að hún geti gripið til fyrstu aðgerða.

13. gr.

Framkvæmd

Innan 12 mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að tryggja að farið sé að ákvæðum hennar.

14. gr.

Endurskoðun

Áður en aðilarnir að samningnum ræða endurnýjun samningsins í samræmi við XII. gr. þar að lútandi skal framkvæmdastjórnin meta orkustjórnúáætlunina í ljósi fenginnar reynslu af rekstri hennar.

Eigi síðar en 15. janúar 2005 skal framkvæmdastjórnin gera og senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um eftirlit með orkunýtni á markaðnum með skrifstofubúnað í Bandalaginu þar sem lagt er mat á skilvirkni orkustjórnúáætlunarinnar og, ef nauðsynlegt er, lagðar fram tillögur um viðbótarráðstafanir við áætlunina. Í skýrslunni skal kanna hvaða árangur hefur náðst í skoðanaskiptum Evrópusambandsins og Bandaríkjá Norður-Ameríku og einkum hvort forskriftir orkustjórnúáætlunarinnar eru nægilega skilvirkar.

15. gr.

Lokaákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi á 30. degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(¹) Stjóttö. EBL L172, 26.6.2001, bls. 1.

Nr. 831

15. september 2006

VIÐAUKI
ORKUSTJÖRNUKENNIMERKI

Svart-hvít útgáfa



Útgáfa í lit



Fylgiskjal II.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 167/2004**

2005/EES/26/07

frá 3. desember 2004

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR, með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahags-svæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahags-svæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2004 frá 24. september 2004¹.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001 frá 6. nóvember 2001 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði².

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 17. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„18. 32001 R 2422: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001 frá 6. nóvember 2001 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (Stjtið. ESB L 332, 15.12.2001, bls. 1). Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Allar tilvísanir til samningsins milli ríkisstjórnar Bandaríkjanna Norður-Ameríku og Evrópubandalagsins um samhæfingu áætlana um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði skulu lesnar sem tilvísun til bréfaskipta milli umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og jarðolíu- og orkuráðuneytisins í Noregi, iðnaðarráðuneytisins á Íslandi og efnahags-skrifstofunnar í Liechtenstein einnig, nema í 11. og 14. gr., en þar skal tilvísunin til fyrrnefnds samnings standa.

- b) Í stað orðanna „sem Bandalagið hefur gert við þriðju lönd“ í 4. mgr. 4. gr. komi orðin „Bandalagsins eða EFTA-ríkja annars vegar og annarra ríkja hins vegar“. Í stað orðanna „Framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum er heimilt“, komi orðin „Framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum og EFTA-ríkjunum er heimilt, í eigin lögsögu og“.
- c) Í stað orðanna „Framkvæmdastjórnin skal“ í fyrsta málslið 3. mgr. 12. gr. komi orðin „EFTA-ríkin og framkvæmdastjórnin skulu, hvert í sinni lögsögu“.
- d) Ákvæði 13. gr. gilda ekki.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2422/2001, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni*.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kjartan Jóhannsson
formaður.

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2006

¹ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 13.

² Stjtið. ESB L 332, 15.12.2001, bls. 1. skal felld inn í samninginn.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.